

EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim Vopnafirði Vopnafjörður



Dags eftirlits	29.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Brim Vopnafirði	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Hafnarbyggð 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	691171,367 590414,525

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfu í starfsleyfi var staðfest í eftirlitsferðinni. Engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Kröfur í starfsleyfi – innra eftirlit
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kvartanir og mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Vettvangsskoðun - Umgengni á lóðum og aðkoma, geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Umhverfisstjórnunarkerfi

Fiskimjölsverksmiðja Brims á Vopnafirði er með starfsleyfi sem gildir til ársins 8. október 2030. Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið vegna skráninga innra eftirlits. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2022.

Farið var yfir allar skráningar, áætlanir og eftirlitsmælingar. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi fyrir árið 2020 hefur verið skilað. TVN gildi hráefnis er mælt daglega og mæliniðurstöður sendar til eftirlitsaðila eftir hverja vertíð. TVN mældist yfir viðmiðunarmörkum fimm sinnum í maí sl. og var það tilkynnt til eftirlitsaðila í samræmi við grein 2.9 í starfsleyfi. Umhverfismarkmið og viðbragðsáætlun rekstraraðila voru uppfærðar haustið 2019. Tveir lýsisgeymar af fjórum voru botnþykktamældir árið 2019 en enn á eftir að þykktarmæla tvo minni lýsisgeymana. Útskipunarlögn fyrir lýsi frá geymum að bryggju var síðust þrýstiprófuð þann 2. október 2020 og sýndu niðurstöður að lögnin stóðst þrýstiprófunina. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar um mat á umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila voru skoðuð en Brim er ekki með vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Í viðauka leiðbeininganna er fjallað um hvaða grunnkröfur Umhverfisstofnun gerir um innihald umhverfisstjórnunarkerfis. Rætt var um þjálfum starfsmanna sbr. grein 4.4 í starfsleyfi. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og til hvaða viðbragða skulu grípa ef óhapp eða slys verður sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið.

Ein kvörtun barst á árinu varðandi útskipun á mjölli í talsverðum vindi. Rekstraraðili brást við kvörtuninni og kom upp vindmæli við höfnina. Ekkert mengunaróhapp hefur skráð frá því að verksmiðjan var síðust heimsótt.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar kom fram eitt frávik frá starfsleyfi er varðar seinum skilum útstreymisbókhaldi fyrir árið 2019. Einnig voru tvær ábendingar gerðar, annars vegar vegna geymslu og meðhöndlun efnavöru og hins vegar bent á þær kröfur sem gerðar eru í 20. grein III kafla reglugerðar nr. 884/2017 um prófanir og úttektir sem rekstraraðili ber að framkvæma. Í skoðunarferð um svæðið var staðfest að ábending vegna geymslu efnavöru á enn við. Fram kom að verið er að leita aðferða til að loka eða hækka niðurfall til að fyrirbyggja að fljótandi efnavara geti borist í niðurfall ef óhapp eða slys verður í efnageymslu. Öryggisblöð voru aðgengileg í aðstöðunni.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

ákvæði í grein 2.4 í starfsleyfi vegna efnageymslu.

Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.


Rekstraraðili ber að ganga frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum þannig að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

ANNAÐ

Niðurföll í efnageymslu skulu vera lokanleg og lokuð nema undir eftirliti starfsmanns.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2021



Gottskálk Friðgeirsson

